

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. maí 2014
R2014040011/12.8.4

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra húsnæðislána - 485. mál, þskj. 837

Ríkisskattstjóri hefur þann 9. apríl 2014 mótttekið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði almenn leiðrétting á verðtryggðum fasteignaveðlánunum einstaklinga sem til staðar voru á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2009.


Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að samráðshópur um framkvæmd höfuðstólslækkunar og samráðshópur um tæknilega útfærslu og miðlun upplýsinga hafi starfað á vegum verkefnastjórnar um samningu frumvarps framkvæmd almenningar höfuðstólslækkunar íbúðalána. Ríkisskattstjóri átti fulltrúa í báðum þessum samráðshópum. Ríkisskattstjóri hefur þannig tekið virkari þátt í samningu þessa frumvarps en almennt tíðkast og hefur þannig þegar komið að sjónarmiðum embættisins um tæknilegar útfærslur.

Ríkisskattstjóri vill þó við þetta tækifæri benda á þá almennu staðreynd að í frumvarpinu er miðað við að leiðréttingin taki til fasteignaveðlana *heimila*. Hugtakið *heimili* er vandmeðfarið þar sem lagaleg skilgreining á hugtakinu er ekki til sbr. þó athugasemdir við 1. gr. laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, þskj. 69, 138. lögjafarþing 2009-2010. Hafa verður í huga að umrædd lagasetning beindist að sérstökum aðstæðum og var alveg óháð aðkomu skattfirvalda og þeim upplýsingum sem skattframkvæmd byggir á, þar sem öll skattframtöl miðast við hjúskaparstöðu, þ.e. hvort viðkomandi sé einstaklingur, í hjúskap eða sambúð sem uppfyllir skilyrði samsköttunar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að unnt verði að sækja um leiðréttingu frá og með 15. maí 2014. Ríkisskattstjóri telur að gildistaka frumvarpsins þarfnist endurskoðunar í ljósi þess hve nálægt er komið þeirri dagsetningu. Ætla verður að umfjöllun Alþingis muni taka nokkurn tíma og af þeim sökum verður ekki séð að umrædd dagsetning sé lengur raunhæf.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Guðrún J. Jónsdóttir